

## REGLUGERÐ

### um framlag sveitarfélaga til Atvinnuleysisstryggingasjóðs.

#### 1. gr.

Sveitarsjóðir skulu greiða framlag til Atvinnuleysisstryggingasjóðs, er sé árlega jafnhátt heildariðgjöldum þeim, sem atvinnurekendur greiða til sjóðsins samkvæmt 14. gr. sbr. 10. gr. laga nr. 64/1981.

#### 2. gr.

Framlag sveitarsjóðs miðast við iðgjöld atvinnurekenda, sem heimilisfastir eru í sveitarfélaginu.

Nú rekur aðili starfsemi í öðru sveitarfélagi en þar sem hann á lögheimili og skal þá sveitarsjóður þess sveitarfélags inna af hendi framlag, sem svarar til heildariðgjalda af þeirri starfsemi. Greiðsluskylda lögheimilissveitarfélags lækkar samsvarandi.

Greiðsluskyldu sveitarfélags skal að jafnaði miða við, að hlutaðeigandi atvinnurekendur séu aðstöðugjaldsskyldir til sveitarfélags skv. 40. gr. laga nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélags.

#### 3. gr.

Áætlað framlag sveitarfélags greiðist ársfjórðungslega eftir á en fullnaðarskil skulu gerð þegar iðgjöld skv. 10. gr. laga nr. 64/1981 hafa verið ákveðin.

Um dráttarvexti gilda reglur laga um tekjuskatt og eignarskatt.

#### 4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 64 2. júní 1981 um atvinnuleysisstryggingar, öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 5. maí 1983.*

**Svavar Gestsson.**

*Jón Ingimarsson.*

## REGLUGERÐ

### fyrir Íþróttahúsið á Akranesi.

#### 1. gr.

Íþróttahúsið er í Akraneskaupstað og ber heitið Íþróttahúsið á Akranesi.

#### 2. gr.

Íþróttahúsið á Akranesi er að hluta til skólamannvirki, en að öðru leyti íþróttamannvirki kaupstaðarins.

#### 3. gr.

Íþróttasal hússins skal nota til leikfímikennslu, íþróttæfinga, íþróttasýninga og íþróttakeppni svo og til annarra nota eftir því sem við verður komið.